

Miðvikudagur, 22. júní 2005

243. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 26/2005

## Afskráning lénsins playstation2.is

### I.

#### Málavextir

##### 1.

Þann 18. febrúar 2005 tók samkeppnisráð ákvörðun nr. 7/2005, *Kvörtun Sony Computer Entertainment Europe Limited yfir skráningu lénsins playstation2.is*. Í ákvörðuninni kemur fram að samkeppnisráð taldi að Haukur Vagnsson hefði með skráningu lénsins playstation2.is brotið gegn ákvæðum 20., 21. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Hauki var bönnuð öll notkun lénsins og honum gert að láta afskrá lénið innan tveggja vikna frá birtingu ákvörðunarinnar. Jafnframt var tekið fram að yrði ekki farið að banninu mætti gera ráð fyrir að viðurlögum yrði beitt.

Haukur var á þessum tíma skráður með lögheimili í Þýskalandi og staðfesti hann móttöku ákvörðunarinnar í tölvupósti þann 1. mars 2005. Haukur áfrýjaði ekki ákvörðuninni til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

##### 2.

Þann 6. maí 2005 hafði Haukur Vagnsson ekki afskráð lénið playstation2.is og sendi Samkeppnisstofnun Hauki bréf vegna þessa þar sem sagði m.a.:

*„Samkvæmt athugun Samkeppnisstofnunar eruð þér enn skráður eigandi lénsins playstation2.is og því ljóst að þér hafið ekki farið að ákvörðun samkeppnisráðs. Yður tilkynnist hér með að hafi ekki verið farið að ákvörðuninni þann 13. maí nk. má gera ráð fyrir að málið verði lagt fyrir samkeppnisráð til ákvörðunar og að viðurlögum verði beitt í samræmi við ákvæði XIII. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993.“*

Í tölvupósti Hauks, sendum 6. maí 2005, svarar hann bréfi Samkeppnisstofnunar og segist ekki muni fara að niðurstöðu samkeppnisráðs um afskráningu lénsins. Ekkert réttlæti sé í ákvörðun samkeppnisráðs og sé hann tilbúinn til að mæta Samkeppnisstofnun í dómssal hvort heldur innanlands eða í Mannréttindadómstól Evrópu.

#### 4.

Með tölvupósti, sendum 21. júní 2005, tilkynnti Samkeppnisstofnun Hauki Vagnssyni að málið yrði lagt fyrir fundi samkeppnisráðs samanber það sem fram kæmi í bréfi stofnunarinnar dagsettu 6. maí 2005.

## II.

### Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 22. júní 2005, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Ragnheiður Bragadóttir.

Eins og hér hefur komið fram var Hauki Vagnssyni gert, með ákvörðun samkeppnisráðs nr. 7/2005, að láta afskrá lénið playstation2.is og var til þess veittur tveggja vikna frestur. Haukur hvorki afskráði lénið innan tímafrests né áfrýjaði hann ákvörðuninni.

Ákvörðunarorð fyrrnefndrar ákvörðunar samkeppnisráðs hljóðar svo:

*„Haukur Vagnsson, Karlsruhe, Þýskalandi hefur með skráningu lénsins playstation2.is brotið gegn ákvæðum 20., 21. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.*

*Með vísan til 2. mgr. 30. gr. samkeppnislaga bannar samkeppnisráð Hauki Vagnssyni alla notkun lénsins playstation2.is og leggur fyrir hann að afskrá lénið innan tveggja vikna frá birtingu ákvörðunar þessarar.*

*Verði ekki farið að banninu má gera ráð fyrir að viðurlögum verði beitt.“*

Samkvæmt athugun Samkeppnisstofnunar, þann 21. júní 2005, hefur Haukur Vagnsson enn ekki afskráð lénið playstation2.is heldur þvert á móti endurnýjaði hann skráninguna þann 14. júní 2005 til eins árs.

Með lögum nr. 107/2000, um breytingu á samkeppnislögum sem tóku gildi þann 6. desember 2000, var viðurlögum við brotum á m.a. 2. mgr. 30. gr. samkeppnislaga breytt. Þannig segir í athugasemdum með frumvarpinu um breytingar á viðurlögum 51. gr.:

*„Í ákvæðinu felst að samkeppnisráði verði veitt heimild til þess að leggja á stjórnvaldssektir ef fyrirtæki brjóta gegn banni eða fyrirmælum samkeppnisráðs skv. 2. mgr. 30. gr. Reynslan hefur sýnt að*

*dagsektáúrræði gildandi laga eiga ekki alltaf vel við í málum sem tengjast óréttmætum viðskiptaháttum og villandi auglýsingum. Oft getur verið álitamál við hvaða tímamark eigi að miða þegar til greina kemur að beita dagsektum vegna t.d. villandi auglýsinga sem birtast í sjónvarpi eða útvarpi. Breytingin er því gerð til þess að styrkja þau ákvæði laganna sem vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum og villandi auglýsingum...*“

Eftir breytinguna hljóðar því 51. gr. samkeppnislaga svo:

*„Samkeppnisráð getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvörðunum skv. 2. mgr. 30. gr., ákvæðum 31. og 32. gr. eða reglum eða fyrirmælum settum samkvæmt þeim. Sektir geta numið allt að 10 millj. kr.“*

Skýringu á hvað teljist fyrirtæki í skilningi samkeppnislaga er að finna í 4. gr. laganna en þar segir m.a.:

*„Fyrirtæki er einstaklingur, félag, opinberir aðilar og aðrir sem stunda atvinnurekstur.“*

Í máli þessu liggur fyrir að Haukur Vagnsson hefur ekki farið að ákvörðun samkeppnisráðs nr. 7/2005. Að mati samkeppnisráðs er mikilvægt að beita þeim úrræðum sem samkeppnislög heimila til að tryggja eðlilega viðskiptahætti en ráðinu þykir sýnt að Haukur muni ekki fara að ákvörðuninni. Með vísan til þessa telur samkeppnisráð nauðsynlegt að beita viðurlögum skv. 51. gr. samkeppnislaga í máli þessu. Að mati samkeppnisráðs er hæfilegt að leggja kr. 300.000 sekt á Hauk Vagnsson þar sem hann hefur ekki látið afskrá lénið playstation2.is eins og honum var gert að gera með ákvörðun ráðsins.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Haukur Vagnsson, kt. 100367-2869, Brúnalandi 7, 415 Bolungarvík, hefur brotið gegn ákvörðun samkeppnisráðs nr. 7/2005 með því að láta ekki afskrá lénið playstation2.is.**

**Með heimild í 51. gr. samkeppnislaga skal Haukur Vagnsson greiða stjórnvaldssekt að upphæð kr. 300.000.**

**Sektin skal greiðast ríkissjóði eigi síðar en þremur mánuðum eftir dagsetningu þessarar ákvörðunar.“**